

Fundargerð stjórnar TSÍ: 7. janúar 2025 kl. 12:00 – Skrifstofa ÍSÍ

Mættir á fundinn:

Magnús, formaður; Mia; aðalmaður; Andri Jóns; varamaður; Kristín Dana á teams; gjaldkeri; Gunnar; aðalmaður.

1. Samþykki fundargerðar síðasta fundar (9. desember)

Fundargerðin samþykkt.

2. Fjárhagsstaða

- Fjárhagsstaða, þar með talið uppgjör við ITF, var yfirfarin. Kristín staðfestir réttar tölur síðar. Bókhaldið verður lagt fram 20. janúar.

3. Mótahald - Dagatal 2025

- Magnús hafði sent fyrirspurn hvort einhver félög ætla að halda mót á þessu ári
- Halda verður sömu skipulagningu og í fyrra. Magnús; Raj og TFK stjórnendur setja saman nýja dagatalið.

4. Umsóknir um útbreiðslustyrki

- Tvær umsóknir bárust, frá Víkingi og TFK. Magnúsi, Gunnari og Kristínu falið að fara yfir umsóknir og koma með tillögu til úthlutunar á næsta stjórnarfund.

5. Umsóknir um afreksstyrki einstaklinga

- Fjórar umsóknir bárust. Styrkjanefnd falið að koma með tillögu um úthlutun á næsta stjórnarfund.
- Áætlað framlag er 1.000.000 kr.

6. Afrekssjóður - Skerðing úr 2,2 í 1,7 milljónir kr.

- Raj hefur unnið að málinu með Kára hjá ÍSÍ.
- Skilgreina þarf betur sambandið okkar hjá ÍSÍ (verkefnissamband vs. afrekssamband). Magnús og Raj ræða við Kára strax um þessi mál.
- Ósanngirni í samanburði við aðrar íþróttagreinar (t.d. badminton og blak)

7. Budget-vinna fyrir 2025

- Skerðingar á fjármagni vegna Davis Cup, Billie Jean King Cup og afrekssjóðs.
- Tekjur frá alþjóðlegum samtökum hafa minnkað.
- Afrekstefna: Finna og hvetja þátttakendur til að taka þátt í alþjóðlegum mótum og Smáþjóðaleikum.

8. Önnur mál

- **WTN:** Vinna við að innleiða þetta kerfi heldur áfram. Vantar númer fyrir leikmenn sem eru neðan við tiltekið stig.
- **Tennisspilarar ársins:**
 - Rafn Kumar mun taka við verðlaunum fyrir hönd Garímu.
 - Egill og Garima eru tennisfólk ársins og Egill mætir á ÍSÍ viðburðinn ásamt Magnúsi og Rafni Kumar.
- **5. apríl:** Gera frekari ráðstafanir fyrir þennan dag. Ákveðið að nota matsalinn ÍSÍ þar sem vikingssalur er ekki laus.
- Raj mætir á næsta fundi

Fundi slitið kl. 13:00